

Sp. 35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um könnun á afstöðu símnotenda til mismunandi valkosta við jöfnun símkostnaðar.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Friðrik Sophusson, Benedikt Gröndal,
Birgir Ísl. Gunnarsson, Geir Hallgrímsson, Albert Guðmundsson, Vilmundur Gylfason,
Pétur Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir, Kjartan Jóhannsson,
Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að láta fara fram nú þegar könnun á afstöðu símnotenda til þess, hvor leiðin verði farin til að jafna símkostnað landsmanna: 1) skrefatalning innanbæjarsímtala eða 2) hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa (þó ekki á kostnað langlínunotenda).

Spurningarform og upplýsingar á könnunareyðublaðinu verði unnin í samráði við Neytendasamtökin og send út með símreikningum.

Greinargerð.

Hinn 28. mars 1974 var samþykkt á Alþingi svohljóðandi þingsályktun um jöfnun símgjalda:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að haga endurskoðun gjaldskrár Landssímans þannig, að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans og dreifbýli og höfuðborgarsvæði beri hlutfallslega sömu byrði hinna sameiginlegu heildarsímútgjalda. Sérstaklega ber að stefna að því að:

- 1) símgjöld innan eins svæðisnúmers eða landshluta verði hin sömu um land allt,
- 2) gjöld fyrir símtöl úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins lækki verulega.“

Akvæði laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36 frá 13. maí 1977, hníga í sömu átt og segir þar í 2. og 3. mgr. 11. gr.:

„Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að sama gjald skuli krafði fyrir símtal við helstu stjórn-sýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.“

Hvorki í þingsályktuninni né lögnum er bent á skrefatalningu innanbæjarsímtala eða annarra nágrennissímtala sem leið til jöfnunar símkostnaðar. Í lögnum er hins vegar veitt heimild til að taka upp frínúmer hjá helstu stjórnsýslustofnunum í Reykjavík til að draga úr símkostnaði þeirra sem búa utan Reykjavíkursvæðisins.

Að höfðu samráði við þáverandi samgönguráðherra veitti samgönguráðuneytið Póst- og símamálastofnuninni hinn 16. febrúar 1979 heimild til að taka tilboði erlends fyrirtækis um sölu á **skrefatalningartækjum** fyrir Reykjavíkursvæðið án þess að það skilyrði væri sett í heimildarbréfi ráðuneytisins að pöntunin, sem gerð var hinn 1. mars 1979, skyldi gerð með fyrirvara um fjárveitingu Alþingis. Í fjárlögum fyrir árið 1980, sem voru ekki samþykkt fyrr en 9. apríl 1980, var veitt 1 milljón króna (100 milljónir gamalla króna) til liðarins „Karls-sontalning“ sem birtur var í sérstöku yfirliti um almenna fjárfestingu Pósts og síma, undir fyrirsögninni sjálfvirkar símstöðvar („Karls-sontalning á 91-svæðinu“ í sundurliðun). Verður ekki séð að við afgreiðslu fjárlaganna hafi verið vakin sérstök athygli fjárveitinganefndar né þingmanna almennt á því, að hér væri um að ræða kostnað vegna tækjakaupa til mælingar innanbæjarsímtala á höfuðborgarsvæðinu. Af ofangreindri upphæð var innan við helmingur eða minna en 1/2 milljón króna vegna tækjakaupa (vorið 1980). „Aðflutningsgjöld af nýju gjaldheimtukerfi fyrir innanbæjarsímtöl á höfuðborgarsvæðinu“, sem námu hærri fjárhæð en tækin, hefur fjárveitinganefnd ekki fallist á að heimila ráðherra að endurgreiða.

Horfið var að því ráði að smíða hluta tækjabúnaðar hér á landi. Vinna að uppsetningu tækja og skyldum undirbúningi hefur staðið nokkuð lengi. Samkvæmt nýjustu upplýsingum er fyrirhugað að skrefatalningin verði að öllum líkindum tekin upp hinn **1. nóvember 1981**. M. a. vegna fyrirspurna og gagnrýni þingmanna hafa **áform** samgönguráðherra og Póst- og símamálastofnunarinnar **um framkvæmd skrefatalningarinnar**, sem verið hafa mjög á reiki, tekið ýmsum breytingum:

1) Tímamæling á þannig ekki einungis að ná til innanbæjarsímtala á Reykjavíkursvæðinu, heldur til símtala í öllum bæjum og byggðakjörnum landsins er hafa sjálfvirkan síma. Tekur skrefagjaldið því strax til um 90 sjálfvirkra símstöðva um allt land eða um **96% símanúmera**. Samkvæmt lögum um lagningu sjálfvirks síma, nr. 32 frá 26. maí 1981, er stefnt að því, að allir símnotendur verði með sjálfvirka síma í síðasta lagi 1. janúar 1987 þannig að þá ætti gjaldið að ná til allra símnotenda á landinu í nágrennissímtölum. 2) Ekki er lengur nefnd 3 mínútna skreflengd á daginn og 6 mínútna skreflengd á kvöldin, næturnar og hluta helganna, heldur hefur verið ákveðin 6 mínútna skreflengd frá kl. 8—19 á daginn mánudaga — föstudaga og kl. 8—15 laugardaga, en hins vegar engin tímatakmörkun eins og verið hefur frá kl. 19 að kvöldi til kl. 8 að morgni virka daga og frá kl. 15 á laugardögum til

kl. 8 á mánudögum. 3) Ekki er lengur á dagskrá að lengja aðeins langlínuskref í 2. og 4. gjaldflokki, sem hefði m. a. komið illa niður á Vestmanneyingum vegna þess að langlínusímtöl þeirra til Reykjavíkur eru í 3. gjaldflokki, heldur er nú fyrirhugað að lengja langlínuskref í 2., 3. og 4. gjaldflokki. Slíkt leiðir þó ekki enn til jafnhagstæðrar niðurstöðu fyrir Vestmanneyingana og hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa.

Til hægðarauka fylgir hér **upptalning í stafrófsröð á bæjum og byggðakjörnum þeim sem fyrirhugað er að leggja skrefagjaldið á nú:**

Akranes, Akureyri, Aratunga, Árnes, Árskógur, Bíldudalur, Blönduós, Bólstaðarhlíð, Bolungarvík, Borgarnes, Borgarfjörður (eystri), Brautarholt, Breiðamýri, Breiðdalsvík, Brú, Búðardalur, Búrfell, Dalvík, Djúpvogur, Egilsstaðir, Eiðar, Eskifjörður, Eyrarbakki, Fáskrúðsfjörður, Flateyri, Fljótin, Flúðir, Garðabær, Garður, Grenivík, Grímsey, Grindavík, Grundarfjörður, Hafnarfjörður, Hafnir, Hamar, Hella, Hellissandur, Hjalteyri, Hofsós, Hólmavík, Hrafnagil, Hrísey, Húsavík, Hvammstangi, Hvalfjörður, Hvanneyri, Hveragerði, Hvolsvöllur, Höfn, Ísafjörður. Keflavík, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker, Kópavogur, Lambhagi, Laugaland, Laugarbakki, Laugarvatn, Minni-Borg, Mosfellssveit (Varmá), Neskaupstaður, Njarðvík, Ólafsfjörður, Ólafsvík, Patreksfjörður, Raufarhöfn, Rein, Reyðarfjörður, Reykir, Reykjahlíð, Reykjavík, Sandgerði, Sauðárkrókur, Selfoss, Seltjarnarnes, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Skagaströnd, Sog (Ásgarður), Staðarhöll, Stokkseyri, Stykkishólmur, Stöðvarfjörður, Súðavík, Suðureyri, Tálknafjörður, Varmahlíð, Vestmannaeyjar, Víðigerði, Vík, Vogar, Vopnafjörður, Þingeyri, Þorlákshöfn, Þórshöfn og væntanlega Pykkvibær.

Í sambandi við upptalningu þessa er rétt að taka fram að ýmis **bændabýli** í nágrenni ofangreindra bæja og byggðakjarna eru nú þegar komin með sjálfvirkan síma og þurfa bændurnir því að fara að greiða fyrir símtöl við næstu nágrenna sína eftir tímamælingu strax við tilkomu skrefagjaldsins.

Af hálfu forráðamanna Póst- og símamálastofnunarinnar hefur m. a. verið bent á eftirtalin **rök** sem mæli með **notkun tímamælingar** innanbæjarsímtala: 1) Réttlátt er að greiða notkun samkvæmt notkunartíma. 2) Skrefatalningin leiðir til meiri jafnaðar gjalda milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlisins en samkvæmt núgildandi kerfi. 3) Skrefatalningin leiðir til réttlátari gjaldtöku fyrir tal og flutning á myndum, gögnum fyrir tölvur o. fl. þess háttar (teletex, viewdata o. fl.). 4) Skrefatalningin bætir nýtingu símakerfisins með því að stytta og fækka einkasímtölum virka daga og fjölga og lengja þau á kvöldin eftir kl. 19 og um helgar. Á þennan hátt dreifist álag símtöðvanna á lengri tíma.

Andstaða hefur verið **gegn áformum um skrefagjald** frá fyrstu tíð, m. a. í hópi fremstu sérfræðinga í símamálum. Hefur óánægjan komið fram í margs konar formi í ræðu og riti og farið vaxandi, þótt reynt hafi verið að sníða ýmsa vankanta af fyrirhugaðri framkvæmd skrefatalningarinnar. Hefur engu breytt þótt tækin væru þegar keypt, enda er verð þeirra lágt á þjóðhagsmælikvarða. M. a. má nefna að almennur borgarafundur á Hótel Sögu samþykkti hinn 7. mars 1981 mótmæli gegn skrefatalningaráformunum, um 12 000 íbúar á höfuðborgarsvæðinu lýstu ugg sínum um sama leyti og Bandalag kvenna í Reykjavík lét einnig til sín taka þá og var téðum erindum komið á framfæri við Alþingi. Sérstökum áhyggjum hefur verið lýst varðandi áhrif skrefagjalds á hagi aldraðra, öryrkja og annarra sem eru öðrum bundnari heimili sínu.

Af hálfu þeirra, sem **andmæla skrefagjaldinu**, hafa m. a. verið borin fram eftirfarandi **rök**: 1) Skrefatalningin sviptir Íslendinga því frelsi sem þeir hafa nú til að tala óhindrað við fólk í nágrenni sínu í samræmi við hinar margvíslegustu þarfir, sem það er best dómbært um sjálft, og skerðir málfrelsi allra á óeðlilegan hátt þar eð ná má sömu jöfnun símkostnaðar með hefðbundnum gjaldskrárbreytingarleiðum. 2) Ná má sama jöfnuði og stefnt er að með skrefatalningunni með hefðbundinni hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa (þó ekki á kostnað langlínunotenda). Póst- og símamálastofnunin hefur fyrst nú fyrir skömmu viljað

viðurkenna þetta opinberlega og hefur reiknað að hækkunin á umframskrefunum þurfi að vera 35%. Markar viðurkenningin alger þáttaskil í skrefagjaldsmálinu. Þetta yrði föst hækkun sem vitað er fyrir fram hvað gefur. Í skrefatalningunni er hins vegar byggt á þeirri áætlun — eða nánast ágiskun — að umframskrefunum fjölgi um 35%. Miðað við símnotkun 1979 hækkar reikningur meðalsímnotanda á Reykjavíkursvæðinu samkvæmt útreikningum andstæðinga skrefatalningarinnar um 6,5%, en lækkar utan svæðisins um 9,4%, hvor leiðin sem farin er, en þó er verðhækkunarleiðin nokkru hagstæðari fyrir Vestmanneyinga og væntanlega fleiri aðila sem hringja mikið í 3. gjaldflokki til Reykjavíkur. Vísitalan hækkar jafnmikið með báðum aðferðum samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. 3) Þorri vestrænna þjóða, sem allar eru fjölmennari og flestar tækniþróaðri en við, hafa leyst vandamál varðandi gjaldtöku vegna annarrar notkunar símaþjónustu en til símtala, svo sem gagnasendinga til og frá tölvum, án þess að leggja skrefagjald á almenna símnotendur. Bandaríkjamenn eru dæmi þar um. Tölvuskrásetningu ætti að vera unnt að koma við. 4) Póst- og símamálastofnuninni ætti að vera treystandi til að leysa úr staðbundnum eða tímabundnum álagsvandamálum án tímamælingar nágreinissímtala eins og hingað til og á sama hátt og þorri vestrænna þjóða. Stofnunin hefur ekki getað nafngreint nema 15 ríki — innan við tíunda hluta aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna — þar af 8 eða einungis þriðjung vestrænna ríkja (miðað við könnun erlends fyrirtækis þar sem 56 ríki svöruðu spurningum þar að lútandi). Þá má nefna hér að fyrirverandi umdæmisverkfræðingur Póst- og símamálastofnunarinnar í Reykjavík hefur ekki talið tölvunotkunar- og álagsröksemdir stofnunarinnar fullnægjandi og bendir á hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa samhliða lengingu langlínu-skrefa sem heppilegustu lausnina.

Ályktun Alþingis frá 19. maí 1981, þar sem ríkisstjórninni er falið að láta kanna hvort unnt sé að koma við svonefndum „frínúmerakerfum“ síma hjá þeim opinberu stofnunum sem allur almenningur þarf að hafa mikil samskipti við — enda liggi niðurstöður fyrir á þessu hausti, þarf ekki að girða fyrir könnun þá sem tillaga er gerð um í þingsályktunartillögu þessari. Eðlilegt þykir að spurningarform og upplýsingar á könnunareyðublaðinu verði unnin í samráði við **Neytendasamtökin** og send út með símreikningum. Geta símnotendur þá á lýðræðislegan hátt látið í ljós afstöðu sína til máls er skiptir þá miklu.